

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi Eyrarinnar.*

Breytingin felur í sér að lóðarmörk við Fjarðarstræti 20 eru skilgreind, vegna áforma um byggingu nemendagarða Háskólaseturs Vestfjarða á Ísafirði, ásamt tilfærslu á byggingarreit í átt að Norðurvegi. Stærð lóðar er samtals 2.270 m<sup>2</sup>.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 24. janúar 2023.*

**Helga Þuríður Magnúsdóttir,**  
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. febrúar 2023